



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

Reykjavík 19. desember 2019

Tilvísun: 2019090028

Tilvísun yðar:

Vatnajökulspjóðgarður
Heiða Guðný Ásgeirsdóttir
formaður svæðisráðs vestursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs

Svar við beiðni um úttekt Almannavarnadeildar eða umsögn um svæðið Vonarskarð.

Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra þykir rétt að benda á eftirfarandi atriði sem hafa þarf í huga varðandi öryggismál í Vonarskarði.

1. Virkar megineldstöðvar eru vestan-, austan- og sunnanvert við Vonarskarð. Það eru Tungnafellsjökull, Bárðarbunga, Hamarinn og Hágöngur. Hætta getur stafað af hraunrennsli, öskufalli, gasmengun og jökulhlaupum af völdum eldgosa. Nú er verið að vinna að hættumati vegan eldgosa á Íslandi. Það verk hófst árið 2011 og núverandi áfanga verksins lýkur árið 2021. Þá verður hættumati vegan eldgosa á landinu hvergi nærri lokið.
2. Þekkt er að í tilteknum ám í skarðinu og nágrenni þess getur orðið skyndilegur vöxtur í ám af völdum úrkomu eða mikilla leysinga.
3. Veðrabrigði geta verið snögg og veður válynd á svæðum eins og þessu sem liggur í u.þ.b. 1000 metra hæð yfir sjó. Þá getur einnig verið það lagskýjað á svæðinu að ekki verði þyrlum við komið við björgunastörf.
4. Fjarskiptasamband (farsímasamband) í Vonarskarði er lítið sem ekkert, sjá kort í fylgiskjali.

Mörk milli lögreglumdæmanna á Suðurlandi og á Norðurlandi eystra liggja þvert um Vonarskarð. Mælst er til að umsagnar viðkomandi lögreglustjóra verði leitað varðandi þetta erindi.

F.h. RLS


Ágúst Gunnar Gylfason